

Gjöld fyrir söfnun á blönduðum heimilisúrgangi innheimtist með fasteignagjöldum með sömu gjalddögum.

Sorphirðugjald fyrir blandaðan heimilisúrgang miðast við fjölda og stærð sorpláta og hreinsunartíðni. Sé þessu breytt breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum. Umhverfis- og heilbrigðisstofa annast skráningu íláta og skiptingu gjalds á eigendur.

Í fjöleignarhúsum er sorphirðugjöldum skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á flatarmáli eignarhluta hvers eiganda.

Til tryggingar á greiðslu samkvæmt gjaldskrá í 1. mgr. er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

8. gr.

*Refsiviðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 5. mgr., 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi þann 1. janúar 2005. Um leið fellur úr gildi samþykkt og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 765/1998.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Hammersminni á Djúpavogi.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti 29. september 2004 deiliskipulag fyrir hluta af götunni Hammersminni á Djúpavogi.

Deiliskipulagið nær yfir lóð fyrir nýjan leikskóla sunnan við Dvalarheimilið Helgafell, ásamt útivistaraðstöðu fyrir hann, aðkomuveg að leikskóla, ásamt veltengingu að götunni Hammersminni. Einnig sýnir skipulagið lóðir heilsugæslustöðvarinnar og Dvalarheimilisins Helgafells.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 27. desember 2004.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson,** sveitarstjóri Djúpavogshrepps.